



Helga Elísabet Schiöth



Fædd 10. júní 1937

Dái 11. mars 2022

Útför frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 24. mars kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

Førspil

Adagio

Bach - Marcello



Signing og bæn



Nú sefur jörðin sumargræn

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bónbabær,
og bjarma á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá bestu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið,
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

Porvaldur Blöndal - Davíð Stefánsson

Ritningarálestur



Draumalandið

Ó, leyf mér þig að leiða
til landsins fjalla heiða
með sælu sumrin löng.
Þar angar blómabreiða
við blíðan fuglasöng.

Þar aðeins yndi fann ég,
þar aðeins við mig kann ég,
þar batt mig tryggðarband,
því þar er allt sem ann ég.
Það er mitt draumaland.

Sigfús Einarsson - Jón Trausti

Ritningarálestur



Edelweiß

Edelweiß, Edelweiß,
Du grüßt mich jeden Morgen,
Sehe ich dich,
Freue ich mich,
Und vergess' meine Sorgen.
Schmücke das Heimatland,
Schön und weiß,
Blühest wie die Sterne.
Edelweiß, Edelweiß,
Ach, ich hab dich so gerne.

The Sound Of Music

Guðspjall



Í dalnum heima


Í dalnum heima, dvelur hugur minn
í dagsins önnum raddir þínar gjalla.
Frá þínum bröttu hlíðum Kalda-Kinn,
þú krýnda drottning himinblárra fjalla.

Mín fóstra kæra björt og hrein á brá
með bros á vör í sumarblænum þíðum,
ég elskar hverja laut og hæð og lág
og lind í þínum fagurgrænu hlíðum.

Ég elskar þig með blíða brosið þitt
og blómin þín sem lengi munu anga
og þegar hættir störfum hjarta mitt
ég hníg sem lítið blóm að þínum vanga.

Ég flyt þér kveðju draumadalur minn
í draumi og vöku raddir þínar kalla.
Ég hníg að faðmi þínum Kalda-Kinn,
þú krýnda drottning himinblárra fjalla.

Baldur Baldvinsson yngri - Baldur Baldvinsson eldri



Minningarord



*Upptaka af flutningi Karlakórsins Vísi
og Aage Riddermann Schiöth*

Ave Maria

Franz Abt - Þorsteinn Gíslason

Bæn og Fadír vor





Rósin

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós,
þráir lífsins vængjavíddir,
vorsins yl og sólarljós.
Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn, rósin míin,
er kristaltærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður, kyssa blómið,
hversu dýrðlegt fannst mér það.
Finna hjá þér ást og unað,
yndislega rósin míin.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.

Fridrik Jónsson - Guðmundur G. Halldórsson

Moldun



Ein Bißchen Frieden

Wie eine Blume am Winterbeginn
Und so wie ein Feuer im eisigen Wind
Wie eine Puppe die keiner mehr mag
Fühl' ich mich an manchem Tag

Dann seh' ich die Wolken, die über uns sind
Und höre die Schreie der Vögel im Wind
Ich sing' aus Angst vor dem Dunkeln mein Lied
Und hoffe daß nichts geschieht

Ein bißchen Frieden, ein bißchen Sonne
Für diese Erde auf der wir wohnen
Ein bißchen Frieden, ein bißchen Freude
Ein bißchen Wärme, das wünsch' ich mir

Ein bißchen Frieden, ein bißchen Träumen
Und daß die Menschen nicht so oft weinen
Ein bißchen Frieden, ein bißchen Liebe
Das ich die Hoffnung nie mehr verlier'

Ich weiß, meine Lieder, die ändern nicht viel
Ich bin nur ein Mädchen, das sagt was es fühlt
Allein bin ich hilflos, ein Vogel im Wind
Der spürt daß der Sturm beginnt

Ein bißchen Frieden, ein bißchen Sonne
Für diese Erde auf der wir wohnen
Ein bißchen Frieden, ein bißchen Freude
Ein bißchen Wärme, das wünsch' ich mir

Ein bißchen Frieden, ein bißchen Träumen
Und daß die Menschen nicht so oft weinen
Ein bißchen Frieden, ein bißchen Liebe
Daß ich die Hoffnung nie mehr verlier'

Sing mit mir ein kleines Lied
Daß die Welt in Frieden lebt

Singt mit mir ein kleines Lied
Daß die Welt in Frieden lebt


Blessun



Eftirspil

Air úr Svítu D

J. S. Bach



Prestur: Séra Sindri Geir Óskarsson

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson

Söngur: Baldvin Kr. Baldvinsson og Ívar Helgason

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að piggja veitingar í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.